

1864.

14. janúar.

kvaddur til, ef hann eptirleidis ætlar að færa sèr í nyt einkaleyfi sitt eður leyfisbréf, að senda til dómsmálastjórnarinnar þegnlega bænarskrá um allra hæsta staðfesting bréfs síns innan 1. aprílm. þ. á., ef hann býr eður á dvöl í konungsríkinu Danmörku, hertogadæminu Slësvík, eður í hertogadæmunum Holtsetalandi og Láenborg, og innan 1. septembermán. þ. á. ef hann býr eður á dvöl annarstaðar. Með bænarskránni á að senda bæði frumrit skjalsins og eptirrit af því, eður, ef frumritið er týnt, nákvæma skýrslu um dagsetning þess og efni. Einnig ber að senda til dómsmálastjórnarinnar innan þess tíma, er nú var sagt, til þess þau verði lögð fyrir hans hátign konunginn til allra hæstrar staðfestingar, öll embættisveitingarbréf, sem hinn há sæli konungur Friðrik hinn Sjöundi hefir út gefið eður staðfest, og sem heyra undir verkahring dómsmálastjórnarinnar, að því leyti ekki þegar er búið að senda þau eptir auglýsing stjórnarráðsins 19. nóvemberm. f. á.

Þetta er hér með kunngjört öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni og athugunar.¹

30. janúar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um stofnun búnaðarskóla.

Með skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa, dagsettri 15. septembermán. f. á., hefir dómsmálastjórnin meðtekið þegnlegt álitsskjal hins síðasta alþingis² um frumvarp, er fyrir það var lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og hefir þingið, að því leyti er snertir það atriði, hverja jörð velja ætti fyrir búnaðarskóla þann, er stofnaður yrði í suðurumdæminu, fallið á álit það, sem þér höfðuð látið í ljósi í bréfi yðar 1. maí 1861, að jörðin Lágafell í Kjósarsýslu öðrum jörðum fremur væri vel fallin til þessa.

¹) Nokkur prentuð exemplör af auglýsing þessari voru með bréfi dómsmálastj. 20. febrúarm. 1864 send öllum amtmönnum á Íslandi „til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar.“

²) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 374–382. bls.

En áður en lengra sé haldið út í þetta mál skorar stjórnarráðið á yður að útvega og senda síðan dómsmálastjórninni skýrslu um, með hverjum kjörum jörð þessi, sem er eign einstakra manna, geti fengist til þessa, og um leið óskar það að fá frá yður þær athugasemdir um breytingaruppástungur þingsins við áður greint frumvarp stjórnarinnar, er þær, sem amtmáður yfir suðurumdæminu, kynnuð finna ástæðu til að gjöra um málið, þegar þær nú athugið það á ný.¹

1864.

30. janúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Sæunnar Ívarsdóttur. 11. febrúar.

Með bréfi amtsins, dagsettu 9. dag ágústmán. 1862, barst stjórnarráðinu umkvörtunarskjal frá Hafðiða Eyjólfssyni, hreppstjóra í Flateyjar hrepp, yfir því, að þær með úrskurði 12. júním. 1861 höfðuð ákveðið, að Sæunn nokkur Ívarsdóttir væri sveitlæg í greindum hreppi, en hann hélt hana eiga framfærsluhrepp í Helgafellssveit, og hafði sýslumaðurinn í Barðastrandar-

¹) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi rituð áþekk bréf, og skorað á þá að segja álit sitt um breytingaruppástungur þingsins við frumvarp stjórnarinnar, en niðurlag þeirra bréfa var þannig:

Í bréfinu til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu: . . . en um það, hverja jörð velja skyldi fyrir búnaðarskóla þann, er stofnaður yrði í norður- og austurumdæminu, óskar stjórnarráðið að heyra álit yðar um þá skoðun, er þingið hetir látið í ljósi, að jarðirnar Munkaþverá í Eyjafirði eður Möðruvellir í Hörgárdal séu, þegar á allt er litið, betur fallnar til þessa en jörðin Breiðamýri í Þingeyjarsýslu og Kornsa í Húnavatnssýslu, er þær höfðuð stungið upp á í bréfum yðar 16. septemberm. 1861 og 7. júnímán. 1862.

Í bréfinu til amtmannsins yfir vesturumdæminu: . . . en um það hverja jörð velja skyldi fyrir búnaðarskóla í vesturumdæminu, þá óskar stjórnarráðið að heyra álit yðar um þá skoðun þingsins, að Raudimelur hinu ytri í Hnappadalssýslu sé betur fallinn til þessa en jörðin Reykhólar í Barðastrandar sýslu eður Bjarnarhöfn í Snæfellsnessýslu, sem þær höfðuð stungið uppá í bréfi yðar 12. janúarmán. f. á.